



Atvinnumálanefnd ASÍ
stendur fyrir fundum um
Evrópusambandsaðild út frá sjónarhóli launafólks
Fyrsti fundurinn er um sjávarútvegsmál og verður haldinn
22. janúar kl. 13:00-15:00, Sætúni 1, fjórðu hæð

Atvinnumálanefnd ASÍ stendur fyrir fundum um Evrópusambandsaðild út frá sjónarhóli launafólks. Fengnir verða sérfræðingar og fulltrúar hagsmunaaðila til að reifa álitamál, kosti aðildar, galla og eðlileg samningsmarkmið.

Eftirfarandi fundir hafa verið ákveðnir:

- Fyrsti fundurinn er um sjávarútvegsmál og verður haldinn fimmtudaginn 22. janúar kl. 13:00-15:00 að Sætúni 1 fjórðu hæð.
- Annar fundurinn er um landbúnaðarmál og verður haldinn viku síðar fimmtudaginn 29. janúar á sama tíma og stað og fyrsti fundurinn.
- Þriðji og síðasti fundurinn er um byggðamál. Tímasetningin verður staðfest síðar. Líklegt er að hann verði haldinn fimmtudaginn 12. febrúar á sama tíma og stað og hinir fundirnir.

Forystumenn aðildarsamtaka ASÍ eru sérstaklega hvattir til að mæta.

Fyrsti fundur

Viðfangsefni: Evrópusambandsaðild og sjávarútvegur

Stund /staður: Fimmtudagur 22. janúar kl. 13:00-15:00 að Sætúni 1 fjórðu hæð

Dagskrá:

13:00 Framsögur:

- Aðalsteinn Leifsson, lektor Háskólanum í Reykjavík
- Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍU
- Ævar Rafn Björnsson, viðskiptasviði utanríkisráðuneytisins

14:00 Kaffi og umræður

15:00 Fundi slitið

